

Sex merki um að kominn sé tími til að skipta um glóðarkerti

29. janúar 2020 | Grein

Þó að DENSO glóðarkerti hafi langan endingartíma ganga þau smám saman úr sér vegna slits. Hvernig veit maður hvort skipta þarf um sett af glóðarkertum? Í þessari grein skoðum við sex algeng merki sem benda til þess að glóðarkerti gætu verið biluð eða skemmd.




Eitthvað er að: Viðvörðunarljós vélarinnar

Viðvörðunarljós vélarinnar á mælaborðinu er oft fyrsta vísbendingin um að eitthvað sé að. Fara ætti með ökutæki sem sýna þetta ljós á viðurkennt verkstæði til viðeigandi greiningar og þjónustu eins fljótt og auðið er. Viðvörðunarljós vélarinnar getur kviknað af nokkrum ástæðum bilunar – hér að neðan útlistum við hvaða vísbendingar benda til bilunar í glóðarkertum.



1. Erfið ræsing

Algengasta vísbendingin um skemmd glóðarkerti er ef ræsing vélarinnar gengur erfiðlega. Við kallar aðstæður, þegar glóðarkerti virka ekki rétt, gæti brunahólfið ekki náð réttu hitastigi til að kveikja í eldsneytinu og ræsa vélina. Ef það eru engin vandamál með eldsneytið eða rafgeyminn ætti að athuga glóðarkertin.



2. Gangtruflanir í vél

Brunaferlið í dísilvélum krefst háa þjöppunarhlutfalls, eldsneytisinnspýtingar á réttum tíma og í réttu magni. Þetta kveikir í dísileldsneytinu og leiðir til brennslu. Gangtruflanir geta orðið vegna vandamála af völdum lélegra gæða eldsneytis, þjöppunar og eldsneytisinnspýtingar.

Hitinn í brunaholinu kemur frá þrýstingi við þjöppun og hita frá glóðarkerti. Hann þarf að ná a.m.k. 232°C / 450°F til að kveiking eigi sér stað. Ef glóðarkertin eru biluð nær vélarholið ekki nauðsynlegu hitastigi.



3. Ójafn lausagangur

Ef eitt eða fleiri glóðarkerti eru útblunnin, kolefnismenguð eða skemmd, þá verður stöðugt erfiðara að ræsa vélina þar sem hitastig fellur og lausagangur verður ójafn og það myndast hvítur útblástursreykur í nokkrar mínútur eftir að ræsing hefur loksins tekist. Ef öll glóðarkertin eru brunnin á endunum skaltu athuga tímasetningu eldsneytisinnspýtingarinnar.



4. Verri eldsneytisnýting

Hitastig og eldsneyti ákvarða vanalega eldsneytisnýtingu, ekki frammistaða glóðarkerta. Í sumum tilfellum hafa glóðarkerti hinsvegar hlutverki að gegna.

Eftir því hvernig staðbundið loftslag er gæti dísil verið blandaður með sérstökum íbætiefnum yfir köldu mánuðina til að lækka frostmark hans. Blandaða eldsneytið mun líklegast hafa minna orkuinnihald og eldsneytisnýting mun versna. Aðlaga ætti vinnsluhitastig vélar til að tryggja að allt innsprautað eldsneyti sé brennt að fullu. Glóðarkerti hjálpa við að veita viðbótarhitann fyrir brunahólfið

Ef nauðsynlegu hitastigi er ekki háð vegna bilaðs glóðarkertis, minnka afköst vélarinnar, og hún þarf að framkvæma meiri vinnu til að uppfylla kröfur í vegaakstri. Þetta hefur neikvæð áhrif á eldsneytisnýtingu ökutækisins.

Ef bifreiðin hefur sýnt önnur einkenni útlistuð hér og byrjar að auki að sýna merki um verri eldsneytisnýtingu, þá ætti að fara með hana á viðurkennt verkstæði til viðeigandi skoðunar og þjónustu eins fljótt og auðið er.



5. Hvítur reykur

Venjulega verður vart við hvítan reyk þegar hiti er ekki nægilegur til að brenna eldsneytinu. Óbrenndu eldsneytisagnirnar ferðast út um púströrið sem reykur og dæmigert er að þær myndi sterka eldsneytislykt. Það er ekki óalgengt að sjá hvítan reyk frá útblæstrinum í köldu veðri, þar til vélin hefur hitnað.

Skemmd glóðarkerti eða biluð stjórneining glóðarkerta geta valdið hvítum reyk við ræsingu vélar. Það geta líka verið margar fleiri ástæður fyrir óhóflega miklum hvítum reyk, þ.m.t. lítill snúningshraði vélar, lítil þjöppun og loft í eldsneytiskerfinu. Ef hvítur reykur er ennþá sýnilegur þegar vélin hefur hitnað upp gæti vélin verið með einn eða fleiri gallaða innsprautunarloka, tímasetning innsprautunar gæti verið of sein eða innsprautunardælan orðin slitin.



6. Svartur reykur

Svartur reykur myndast vegna ójafnvægis í hlutfallinu á milli lofts og eldsneytis – of mikið eldsneyti og ekki nægt loft. Þetta þýðir að annað hvort er of miklu eldsneyti bætt við blönduna eða ekki nægu súrefni er veitt til að brenna eldsneytið. Biluð glóðarkerti geta truflað hið viðkvæma brunaferli dísilis, sem síðan getur leitt til þess að vélin blási svörtum reyk út um púströrið. Þetta er viðvörðun um að eitthvað sé að annað hvort glóðarkertunum eða öðrum nauðsynlegum íhlutum brunaferlisins.



Um DENSO glóðarkerti

DENSO hefur lengi verið leiðandi nafn sem framleiðandi upprunalegs tæknibúnaðar fyrir vélknúin farartæki. Sem stærsti framleiðandi íhluta fyrir vélknúin farartæki leggjum við mikla og stöðuga fjárfestingu í rannsóknir og þróun til að hjálpa helstu bílaframleiðendum heimsins að búa til stöðugt þýðari, afkastameiri og áreiðanlegri ökutæki.

Eftirmarkaður DENSO er með áætlun fyrir glóðarkerti í upprunalegum gæðum fyrir allar gerðir. DENSO glóðarkerti eru hinn fullkomni valkostur með allt frá afburða frammistöðu við ræsingu til aukins hitastigs eftiráhitunar. Áætlunin nær yfir alla núverandi glóðarkertatækni þar á meðal einfaldan gorm, tvöfaldan gorm, aukna eftiráhitun, postulín og skyndihitun.